

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 517/2011
fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.

1. gr.

Á eftir 14. gr. kemur ný grein, 14. gr. a, sem orðist svo:

Námskeið og próf í kjölfar námskeiða í leiðsögn með hreindýraveiðum.

Umhverfisstofnun heldur námskeið og próf í kjölfar námskeiða í leiðsögn með hreindýraveiðum í samræmi við 10. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 63/2011, um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum (hreindýraveiðar). Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna námskeiða og prófa í kjölfar námskeiða í leiðsögn með hreindýraveiðum í samræmi við 11. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63/2011, um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum (hreindýraveiðar). Gjaldið er 160.000 kr.

Greiða skal gjald, vegna námskeiða og prófa í kjölfar námskeiða, áður en námskeið er setið.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 11. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63/2011, um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum (hreindýraveiðar). Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 14. júlí 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.